

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2013

2013/EES/49/19

frá 5. apríl 2013

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur (endurútgefin) ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 fellur úr gildi, frá og með 11. júlí 2013, tilskipun ráðsins 76/768/EBE ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 11. júlí 2013.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB ⁽³⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, verður úrelt við niðurfellingu tilskipunar 76/768/EBE og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 11. júlí 2013.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE):
„– **32009 R 1223**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE):
„1a. **32009 R 1223**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59).“
3. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) og 9. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB) falli brott frá og með 11. júlí 2013.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. apríl 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 140, 23.6.1995, bls. 26.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. apríl 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.